

Nd.

719. Nefndarálit

[56. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur haft þetta frumvarp til athugunar frá 24. nóvember í haust er því var vísað til hennar. Í nefndinni var það ekki tekið til umfjöllunar fyrr en 3. febrúar s. l., en þá var frumvarpið rætt ásamt breytingartillögu sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hafði beint til nefndarinnar og var kynnt af fulltrúum þess á fundinum.

Á fundi 10. febrúar var frumvarpinu ásamt fram kominni breytingartillögu vísað til umsagnar ýmissa aðila.

Nefndin hefur rætt frv. á sex reglulegum fundum, farið yfir þær umsagnir, sem henni bárust, og kvatt til fundar við sig fulltrúa bændasamtakanna, landbúnaðarráðuneytisins, sölumenn fóðurvara og Jónatan Þórmundsson prófessor, sem á fundinum varaði alþingismenn við að fela framkvæmdavaldinu eða öðrum aðilum að taka ákvarðanir um skatta, upphæð þeirra og breytingar.

Að athugun lokinni gátu nefndarmenn ekki orðið sammála um afstöðu til frumvarpsins. Með þessu álitni minni hl. nefndarinnar látum við fylgja til frekari skýringar þessi skjöl:

Merkt I, lögfræðileg greinargerð með umsögn Verslunarráðs Íslands, lögð fram á fundi 12. mars.

Merkt II, tillaga Framleiðsluráðs, lögð fram 3. febrúar.

Merkt III, tillaga landbúnaðarráðuneytisins, lögð fram 13. apríl.

Merkt IV, tillaga sem formaður n. kynnti utan fundar 30. apríl.

Merkt V, bráðabirgðalögin í upphaflegri mynd.

Undirritaðir nefndarmenn eru andvígir frv. af tveimur ástæðum sérstaklega. Við erum á móti því, að kjarnfóðurskatti sé beitt nema til þess liggi ríkar ástæður og þó því aðeins að þeim skatti sé ráðstafað til ákveðinna verkefna og að þau verði tilgreind í lögum. Í annan stað föllumst við á það sjónarmið þeirra lögmannna, sem við höfum leitað til og hafa gefið umsögn um frv. munnlega og skriflega, að frumvarp þetta svo og breytingartillögur meiri hl. nefndarinnar standist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar.

Að mati undirritaðra er það eitt næg ástæða til að vera frumvarpinu mótfallnir og leggjum við til að það nái ekki fram að ganga.

Alþingi, 4. maí 1981.

Steinþór Gestsson,
frsm.

Pétur Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Helgi V. Jónsson
hæstaréttarlögmaður
og löggiltur endurskoðandi

GETUR ALÞINGI FRAMSELT TIL RÍKISSTJÓRNAR, EINSTAKRA RÁÐHERRA EÐA LÆGRA SETTRA STJÓRNVALDA HEIMILD TIL ÁKVÖRÐUNAR SKATTA?

I. Ástæðan fyrir spurningu þessari.

Á undanförunum árum hefur orðið vart við ákvæði í lögum um skattamál, sem heimila ráðherrum eða jafnvel lægra settum stjórnvöldum að ákvarða skatta á þegnana. Í þessu sambandi hafa komið til athugunar þessi lög:

1. Lög nr. 8/1976, um flugvallagjald, sbr. lög nr. 110/1978 og lög nr. 18/1980, um breytingu á þeim lögum.
2. Lög nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 78/1977, um breytingu á þeim lögum.
3. Bráðabirgðalög nr. 63/1980, um breytingu á lögum nr. 15/1979, um breytingu á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

II. Ákvæði stjórnarskrárinnar.

Í 77. gr. segir: „Skattamálum skal skipa með lögum“, og í 40. gr. segir: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum.“

Markmið þessara ákvæða stjórnarskrárinnar er að tryggja að skattamál verði ekki ákvörðuð af öðrum en löggjafanum og er þá fyrst og fremst verið að útiloka framkvæmdavaldshafa. Þessi ákvæði stjórnarskrárinnar koma þó ekki í veg fyrir að skattamálum sé skipað með bráðabirgðalögum samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, en þar segir m. a.: „Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög milli þinga. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir næsta Alþingi á eftir.“

Að því má sjálfsagt leiða, að í ákvæði 42. gr. stjórnarskrárinnar, sem ákveður að fyrir hvert reglulegt Alþingi skuli leggja fram frumvarp til fjárlaga fyrir það fjárhagsár, sem í hönd fór, hafi upphaflega ekki verið gert ráð fyrir að verið væri að skipa skattamálum á fjárhagsárinu með bráðabirgðalögum. Þetta hefur þó tíðkast og í æ ríkari mæli nú síðustu ár. Er slík aðferð viðurkennd af dómstólum og það jafnvel þó að skilyrðum stjórnarskrárinnar um að brýna nauðsyn hafi horið til sé ekki augljóslega fullnægt.

Samkvæmt þessu verður skattamálum eingöngu skipað með almennum lögum og bráðabirgðalögum, enda hljóti þau samþykki Alþingis. Þannig verður skattur ekki ákvarðaður með fjárlögum. Um þýðingu þessara ákvæða 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar segir Ólafur Jóhannesson í riti sínu Stjórnskipun Íslands frá 1960, bls. 289: „Málefnum þeim, sem stjórnarskráin sjálf felur löggjafanum, verður því aðeins skipað með lögum, og löggjafanum er óheimilt að framselja framkvæmdavaldshafa ákvörðunarvald um þau efni.“

Þá segir Ólafur Jóhannesson enn fremur á sömu blaðsíðu í bókinni að það sé viðurkennd grundvallarregla í íslenskum rétti, að skerðing á eignum eða frjálshæði einstakra aðila geti aðeins átt sér stað samkvæmt lögum eða heimild í lögum. Dr. Ármann Snævarr staðfestir þessa grundvallarreglu á bls. 424—425 í riti sínu Almenn lögfræði, 3. útgáfa síðara bindi, frá 1972.

Spurning sem vaknar er hvort löggjafinn geti framselt framkvæmdarvaldinu rétt sinn til ákvörðunar skatta með því að taka það fram í lögum sínum. Segja má að orðalag 40. gr. stjórnarskrárinnar virðist banna slíkt framsal. Tel ég að Ólafur Jóhannesson sé á þeirri skoðun, en á bls. 290 í bók sinni segir hann: „Þegar stjórnarskráin sjálf kveður eigi á um það, að tilteknum málum skuli ráðstafað með lögum, má segja, að löggjafanum sé leyfilegt að heimila framkvæmdarvaldshöfum að setja almennar réttarreglur um tiltekin efni eftir því sem nánar er ákveðið í lögum, einkanlega ef slíkt framsal styðst við venju.“ Í fyrra bindi sínu að Almennri lögfræði frá 1976 fjallar dr. Ármann Snævarr um reglugerðir sem réttarheimild og segir þar m. a.: „Hinur er ekki að leyna, að handhafar lagasetningarvalds geta gengið svo langt í því að afsala sér valdi sínu að stjórnalögum til framkvæmdavalds, að ekki sé við það hlítandi. Ef Alþingi samþykkti t. d. lög um nýjan skatt og svo væri mælt í lögnum að fjármálaráðuneytið setti reglugerð um skattstigann, myndi slíkt ekki fá staðist.“

Á bls. 370—371 í bók sinni ræðir Ólafur Jóhannesson um heimild löggjafans til að framselja reglugerðargjafa eiginlegt lagasetningarvald og leitast við að gera grein fyrir þeim takmörkunum sem framsalsheimild séu sett. M. a. segir hann: „Þess er áður getið, að ýmis stjórnarskrárákvæði mæli svo fyrir, að tilteknum efnum eigi að skipa með lögum. Almenna löggjafanum er þó óheimilt að fela ríkisstjórn eða öðrum stjórnvöldum að skipa slíkum málefnum með reglugerð.“

Samkvæmt því, er hér hefur verið rakið, tel ég að niðurstaðan hljóti að vera sú, að 40. gr. stjórnarskrárinnar komi í veg fyrir framsal löggjafarvaldsins á heimild til ákvörðunar skatta í hendur ríkisstjórn og framkvæmdarvaldshafa. Þetta gildir jafnt um nýja skatta og breytingar og niðurfellingu á eldri sköttum.

III. Eins og fram kemur undir I. hér að framan hafa þrenn lög verið skoðuð í þessu sambandi.

1. Lög um flugvallagjald nr. 8/1976 voru fyrst sett 27. febrúar 1976 og segir þar m. a. í 1. gr. að greiða skuli sérstakt gjald, flugvallagjald, er renni til ríkissjóðs, vegna hvers manns, sem ferðast með loftfari frá Íslandi til annarra landa. Í 2. gr. segir að gjaldið skuli vera 1 500 gkr. fyrir hvern farþega, sem ferðast frá Íslandi, en lægra gjald er ákveðið fyrir börn og í 3. gr. vegna ferða innanlands og til Færeyja og Grænlands.

Í 3. gr. segir enn fremur að ráðherra sé heimilt að breyta gjaldi skv. grein þessari og 2. gr. með reglugerð.

Með lögum nr. 110/1978 var gerð breyting á lögum þessum. Með 1. gr. var ákveðið að tekjum skv. lögnum skyldi varið til eflingar flugmála, með 2. gr. laganna að gjaldið skyldi hækka m. a. í 5 500 gkr. fyrir hvern fullorðinn farþega. Í 3. gr. var gjaldið ákveðið fyrir farþega innanlands eða til Færeyja og Grænlands, en jafnframt var tekin út sú heimild sem var í eldri lögnum til handa ráðherra um breytingu gjaldsins.

Með lögum nr. 18/1980 var gjaldið skv. 2. gr. enn hækkað í gkr. 8 800 fyrir fullorðinn farþega. Í 3. gr. var gjald fyrir farþega innanlands og til Færeyja og Grænlands einnig hækkað, en í 2. mgr. greinarinnar segir:

„Flugvallagjald skv. 2. gr. og skv. þessari grein skal vera grunntaxti. Ráðherra er heimilt að hækka gjaldið allt að því að það hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxti flugvallagjalds er miðaður við vísitölu 1. janúar 1980, þ. e. 398 stig.“

Það er ljóst að það framsal, sem lög nr. 8/1976 gerðu upphaflega ráð fyrir til handa ráðherra um breytingar á gjaldinu, stóðst ekki, sbr. það sem sagt er undir lið II hér að framan.

Hins vegar verður að telja að ekki liggi eins ljóst fyrir um þá heimild sem fram kemur í lögum nr. 18/1980. Þar er ráðherra heimilað að breyta gjaldinu, en þó má hækkan gjaldsins ekki vera meiri en nemur hækkun byggingarvísitölu. Það að gefa ráðherra möguleika á að hækka gjaldið minna en sem nemur hækkun byggingarvísitölu tel ég setja stoðir undir það, að ákvæðið brjóti í bága við stranga túlkun á 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem þá er verið að gefa ráðherra möguleika á að ákvarða skatt, en greinin ákveður að lög þurfi til að breyta eða fella niður skatt.

Þessa heimild hefur ráðherra notfært sér með útgáfu reglugerðar nr. 599/1980, frá 30. nóvember 1980, en þar er flugvallagjaldið m. a. hækkað í gkr. 11 200 fyrir hvern fullorðinn farþega, en hefði getað hækkað í gkr. 11 917 miðað við hækkun vísitölnnar. Hefur ráðherra með setningu reglugerðarinnar haldið sig innan við þau mörk, sem ákveðin eru í lögnum um fjárhæð gjaldsins, en um leið er hann með því að fara ekki í fulla vísitölu að breyta raungildi gjaldsins.

2. Með lögum nr. 78/1977 var m. a. sú breyting gerð á 5. gr. laga nr. 79/1974, um fjáröflun til vegagerðar, að sett er nýtt ákvæði í 4. mgr. greinarinnar, svohljóðandi: „Bensíngjald skv. 1. gr. og árgjald þungaskatts skv. þessari grein skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. desember 1975. Grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts eru miðaðir við vísitölu 1. október 1977, þ. e. 159 stig.“

Ráðherra hefur nokkrum sinnum sett reglugerð með tilvísun til laga þessara, og með reglugerð 511/1980, frá 8. október 1980, var t. d. ákveðið að bensíngjald skyldi vera gkr. 112.47 af hverjum lítra. Miðað við breytingu

visitölunnar hefði gjaldið þó átt að geta hækkað í gkr. 123.73, en greinilegt er að miðað er við visitölu í september þegar gjaldið var ákveðið.

Að öðru leyti má segja að sama gildi um lög þessi og segir undir tl. 1 hér að framan.

3. Með lögum nr. 15/1979 var m. a. gerð sú breyting á lögum nr. 101/1966, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu o. fl., að með b)-lið 1. gr. laganna var ákveðið að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Skyldi gjaldið vera allt að 100% á innkaupsverð vörunnar. Í 2. mgr. b)-liðs 1. greinar segir enn fremur m. a.: „Ákvarðanir, sem varða gjaldtöku af kjarnfóðri, skulu teknar af fulltrúafundi Stéttarsambands bænda og vera háðar samþykki landbúnaðarráðherra.“ Þá segir í 1. mgr. c)-liðs 1. greinar: „Gæsla og ráðstöfun þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.“ Í framhaldi af setningu laga þessara var sett reglugerð nr. 348/1979 sem fjallar nánar um framkvæmd laganna og verksvið Framleiðsluráðs landbúnaðarins í því sambandi en þar segir m. a. svo í 6. og 7. mgr. 4. gr.: „Fulltrúafundur Stéttarsambands bænda skal árlega taka ákvörðun um gjald á innflutt kjarnfóður og einnig um hversu mikið magn kjarnfóðurs skuli látið án gjaldtöku miðað við hverja framleiðslueiningu búvöru eða búfjäreiningu. Framleiðsluráð skal leita staðfestingar landbúnaðarráðherra á ákvörðunum þessum.“

Með bráðabirgðalögum nr. 63/1980 var m. a. gerð breyting á fyrstu málsgrein b)-liðar 1. gr. laga nr. 15/1979 sem orðist svo:

„Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 200% á innkaupsverð vörunnar. Heimilt er að endurgreiða framleiðendurnum gjaldið að hluta eftir reglum, sem framleiðsluráð ákveður. Er m. a. heimilt að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.“ Þá segir í ákvæði til bráðabirgða í lögum: „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. b)-liðar 1. gr., er landbúnaðarráðherra heimilt við gildistöku laga þessara að ákveða að leggja gjald á innflutt kjarnfóður, þótt ákvörðun fulltrúafundar Stéttarsambands bænda um það efni liggja ekki fyrir.“ Í framhaldi af lögum þessum var sett reglugerð nr. 311/1980 um breytingu á reglugerð nr. 348/1979, en 8. ágúst s. l. var reglugerð nr. 311/1980 felld úr gildi og í hennar stað sett reglugerð nr. 457/1980.

Ljóst er að framsal á valdi til ákvörðunar gjalds samkvæmt lögum þessum gengur enn lengra en fram kemur í lögum þeim, sem upp voru talin undir tölulíð 1 og 2 hér að framan. Verður því að telja að lög þessi og reglugerðir settar með heimild í þeim lögum séu vafasöm að þessu leyti.

Hér hefur verið stiklað á stóru og nákvæm athugun ekki farið fram, enda mundi hún krefjast töluverðs tíma.

Reykjavík, 7. janúar 1981.

Helgi V. Jónsson, hrl.

Fylgiskjal II.

Tillaga

um breytingu á 2. gr. bráðabirgðalaga nr. 63 1980.

Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má alls vera sem svarar 200% á innkaupsverð — cif-verð — vörunnar. Landbúnaðarráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að hluti gjaldsins skuli innheimtur við tollafgreiðslu annaðhvort sem ákveðinn hundradshluti af innkaupsverði eða sem ákveðin krónutala

á þyngdareiningu og í öðru lagi verði hluti gjaldsins innheimtur á sölustigi sem ákveðin krónutala á þyngdareiningu. Skylt er landbúnaðarráðherra að leita tillagna Framleiðsluráðs um upphæð og álagningarfyrirkomulag gjaldsins.

Landbúnaðarráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs, að ákveða mismunandi (gjaldlækkun eða) endurgreiðslu kjarnfóðurgjalds eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

Fylgiskjal III.

Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 15/1979 um breyting á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Á eftir 2. gr. 1. nr. 101/1966 komi ný grein, er verði grein 2 A. Grein þessi, sbr. 1. nr. 15/1979, orðist svo:

Verði búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekki fæst viðunandi verð fyrir umframframleiðslu á erlendum mörkuðum að mati landbúnaðarráðuneytisins og Framleiðsluráðs, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, heimilt með reglugerð að gripa til eftirtalinna tímabundinna ráðstafana:

a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stíglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna byggingarframkvæmda, sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem ákveðin er hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs.

b) Að innheimta gjald af innfluttu kjarnfóðri. Gjald þetta skal annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu kjarnfóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði kjarnfóðursins. Aldrei má gjald skv. þessari mgr. þó nema meiru en sem svarar 200% af tollverði innflutts kjarnfóðurs. Að fengnum tillögum Framleiðsluráðs getur landbúnaðarráðherra ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins að hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess til bænda, m. a. mismunandi eftir svæðum vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru, sem skortur er á, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypiss og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna

sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það, sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Innlendir aðilar, sem framleiða fóðurmjöl, skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu á þeirri framleiðslu innanlands. Skal tilgreina hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers aðila og einingarverð.

- c) Gæsla þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar, skal vera í höndum Framleiðsluráðs. Ráðherra ákveður ráðstöfun fjárens að fengnum tillögum Framleiðsluráðs.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að ríkissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, sem og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stéttarsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

2. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi, skal fella ákvæði þeirra svo og ákvæði annarra laga, er breytt hafa ákvæðum l. nr. 101/1966, inn í meginmál þeirra og gefa lög in út svo breytt.

Fylgiskjal IV.

Nd. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 15/1979, um breyt. á lögum nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Á eftir 2. gr. laga nr. 101/1966 (sbr. lög nr. 15/1979) komi nú grein, er orðist svo:

Verði búvöruframleiðsla meiri en þörf er fyrir á innlendum markaði og ekkj fæst viðunandi verð fyrir umframframleiðslu á erlendum mörkuðum að mati Framleiðsluráðs, er landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs og fulltrúafundar Stéttarsambands bænda, heimilt með reglugerð að grípa til eftirtalinna tímabundinna ráðstafana:

- a) Að ákveða mismunandi verð á búvöru til framleiðenda. Í því sambandi er

m. a. heimilt að ákveða framleiðendum fullt grundvallarverð fyrir ákveðinn hluta framleiðslunnar, en útflutningsverð fyrir það sem umfram er.

Að greiða hluta af niðurgreiðslum til framleiðenda í samræmi við framleiðslumagn allt að ákveðnu marki, en síðan stiglækkandi eftir því sem framleiðslan vex þar fyrir ofan. Heimilt er að ákveða rétt frumbýlinga í samræmi við bústofn þeirra.

Að innheimta framleiðslugjald til verðjöfnunar, sem má vera mishátt eftir bústærð ef ástæða þykir til.

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruvegundir eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna bygginga sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

Heimilt er að nota samtímis ofangreindar heimildir.

Söluaðilum er skylt að halda eftir af greiðslum til framleiðenda þeirri fjárhæð af andvirði innlagðrar búvöru, sem ákveðin er hverju sinni vegna framkvæmdar ofangreindra heimilda, og standa skil á þeim fjárhæðum til Framleiðsluráðs.

- b) Að innheimta gjald af innfluttu kjarnfóðri. Gjald þetta skal annaðhvort vera tiltekin fjárhæð á hverja þyngdareiningu kjarnfóðurs eða tiltekið hlutfall af tollverði kjarnfóðursins. Aldrei má gjald skv. þessari mgr. þó nema meiru en sem svarar 200% af tollverði innflutts kjarnfóðurs. Að fengnum tillögum Framleiðsluráðs getur landbúnaðarráðherra ákveðið endurgreiðslu kjarnfóðurgjaldsins að hluta eða öllu leyti eða niðurfellingu þess til bænda, m. a. mismunandi eftir svæðum vegna harðæris, uppskerubrests eða til að auka framleiðslu búvöru, sem skortur er á, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Skattstjórar skulu fyrir 1. júní ár hvert ókeypis og ótilkvaddir gefa Framleiðsluráði upp í því formi, sem það ákveður, afurðamagn og bústofn á hverju lögbýli og hjá öðrum framteljendum, sem hafa meiri hluta tekna sinna af landbúnaði. Einnig er þeim skylt að veita aðrar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru í þessu sambandi.

Sýslumenn, bæjarfógetar og í Reykjavík tollstjóri innheimta gjaldið við innflutning. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt að ákveða aðra innheimtu-aðferð.

Sé ákvörðun tekin um að fella niður kjarnfóðurgjald, sem lagt hefur verið á samkvæmt framangreindri heimild, skal endurgreiða það sem innheimt kann að hafa verið af birgðum sem til eru þegar niðurfelling er ákveðin. Á sama hátt skal taka gjald af birgðum söluaðila í upphafi gjaldtímabils.

Seljendur skulu senda Framleiðsluráði ársfjórðungslega skrá yfir alla sölu, sé þess óskað. Tilgreina skal hverjir kaupendur eru, heildarmagn til hvers kaupanda og einingarverð.

- c) Framleiðsluráð fer með gæslu þess fjár, sem innheimtast kann samkvæmt heimildum þessarar greinar og ráðstafar því með samþykki landbúnaðarráðherra.

Meðal annars er heimilt að verja því til að greiða verðbætur til þeirra, sem minnka búvöruframleiðslu sína í því skyni að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, enda náist samkomulag um að rikissjóður leggi fram a. m. k. jafnháa fjárhæð, sem og til að jafna halla, er verða kann á útflutningi, milli söluaðila.

Gjöld þessi skulu ekki leiða til hækkunar á búvöruverði að svo miklu leyti sem fjármagninu er varið til að jafna söluverð búvara milli framleiðenda.

Rísi ágreiningur um atriði, sem falla undir þessa grein, skal hann lagður fyrir nefnd fimm manna til úrskurðar. Nefndina skipa tveir fulltrúar Stétt-

- arsambands bænda, tveir fulltrúar Búnaðarfélags Íslands og formaður tilnefndur af landbúnaðarráðherra.
2. 2. gr. frumvarpsins orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.
 3. 3. gr. frumvarpsins orðist svo:
Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella ákvæði þeirra svo og ákvæði annarra laga, er breytt hafa ákvæðum laga nr. 101/1966, inn í meginmál þeirra og gefa lögin út svo breytt.

Fylgiskjal V.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966
um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun
og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér að vegna niðurgreiðslna erlendis á fóðurvörum og þess ástands sem við er að fást í framleiðslu og markaðsmálum landbúnaðarins, beri brýna nauðsyn til að setja bráðabirgðalög um breytingu á lögum nr. 15/1979 um breytingu á lögum nr. 101/1966 um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Fjórða málsgrein a) liðar 1. gr. orðist svo:

Heimilt er að ákveða sérstaklega með reglugerð rétt þeirra, sem hefja búskap, draga saman búvöruframleiðslu eða hætta búskap. Enn fremur þeirra, sem hafa mikinn fjármagnskostnað vegna byggingaframkvæmda, sem teknar hafa verið í notkun 1976 eða síðar.

2. gr.

Fyrsta málsgrein b) liðar 1. gr. orðist svo:

Að leggja sérstakt gjald á innflutt kjarnfóður. Gjaldið má vera allt að 200% á innkaupsverð vörunnar. Heimilt er að endurgreiða framleiðendum gjaldið að hluta eftir reglum, sem framleiðsluráð ákveður. Er m. a. heimilt að ákveða mismunandi endurgreiðslu eftir innlögðum afurðum, eftir bústærð, eftir landshlutum og eftir búgreinum í einstökum landshlutum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 2. málsgr. b)-liðar 1. gr., er landbúnaðarráðherra heimilt við gildistöku laga þessara að ákveða að leggja gjald á innflutt kjarnfóður, þótt ákvörðun fulltrúafundar Stéttarsambands bænda um það efni liggi ekki fyrir.

Gjört að Bessastöðum, 23. júní 1980.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.